

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Bændamarkaður
- Skógarkerfill

[Næsti Pési kemur út 15.ágúst 2013](#)

[Athugið!!](#)

[Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 12. ágúst.](#)

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Brokk og skokk	6
Hrossaræktin	10
Bænda- markaður	14
17. júní	16
Skógarkerfill	20

Pési



Júní 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

[http://www.facebook.com/pages/
Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts](http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts)
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 272. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18



Á vefsíðunni www.gegdir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánnum og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið.

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúgunu ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er runninn upp og nú má með sanni segja að sumarið sé komið. Allt er orðið grænt og virkilega gaman að vera til. Þó vorið hafi kannski látið bíða eftir sér þá getum við ekki kvartað miðað við það sem gengið hefur á annars staðar á landinu. Annar sumarboði er að Flúðaskóla hefur verið slitið og nemendum sleppt inn í sumarið. Það er gæfa okkar að eldri börnin eru virk í atvinnuþátttöku, bæði almennt séð og í vinnuskóla sveitarfélagsins. Að mínu mati er það hinn skólinn að læra að vinna og standa við þær skuldbindingar sem það felur í sér. Síðan er lífleg starfssemi í kring um Ungmennafélagið og önnur félagasamtök á sumrin þannig að vonandi finna börnin okkar sér ýmislegt til dundurs.

Það er síðan greinilega mikil aukning á þátttöku í almenningsþróttum á Íslandi og það nær til okkar líka. Hvort sem um er að ræða rötgróin atriði eins og kvennahlaupið eða nýrri atburðir eins og t.d. Uppsveitahringurinn sem verður í haust og einnig kann fleira að vera á sveimi. Síðan mun það gerast að friðarhlaupið fer í gegn um Hreppinn þann 22. júní og mun stoppa á Flúðum þar sem gróðursett verður tré í „Skúrúðgarðinum“ að þessu tilefni en um afmælishlaup er að ræða. Þá mun alþjóðlegt hlaup leggja af stað í Kerlingarfjöllum í haust og enda síðan í Bláa lóninu þannig að það er greinilega að verða mikill vöxtur í þessum geira.

Varðandi Kerlingarfjöllin þá komu á fund hreppsnefndar fulltrúar Umhverfisstofnunar og voru að kynna ákveðin friðlýsingaráform á virkjun orku á ákveðnum svæðum í Kerlingarfjöllum vegna rammaáætlunar. Kerlingarfjöllin eru leynda djásnið okkar og það verður fróðlegt að sjá hvernig þetta mál þróast. Einnig er ljóst að vaxandi þrýstingur er að verða fyrir því að Kjalvegur verði boðlegur vegur sem skiptir alla þjónustu á þessu svæði og okkur sem vilja skjótast norður miklu máli. Vonandi sjá samgönguyfirvöld þessa miklu þörf og bregðast við henni.

Þá er blátunnvæðingin að skýrast, búið að kaupa tunnur og ákveðið hefur verið að semja við Tómas Þóri um hirðinguna og fögnum við því að þetta þarfa mál þökist áfram. Þá hefur verið sett í gang vinna við að útbúa kynningarbækling, bæði um möguleika blátunnunar, almennt um flokkunarmöguleika í sveitarfélaginu og skipulag gámasvæðisins og annað gagnlegt sem mun nýtast okkur. Næsta skref verður eflaust að reyna að nýta lífrænan úrgang meira í stað þess að henda honum sem almennu sorpi og vil ég hvetja fólk til að reyna að nýta hann til moltugerðar o.fl. Þá vil beina því til fólks að klippa greinar á trjám sem slúta inn í innkeyrslur til að auðvelda sorphirðu því við skulum muna að við stjórnnum trjánum en þau ekki okkur. Þá vil ég minna landeigendur og íbúa almennt á að passa upp á að fjarlægja rusl með vegum fyrir sínu yfirráðasvæði því það er t.d. sérstaklega slæmt að sjá okkur flagga plasti á viðkvæmum stöðum. Síðan er það Skógarkerfillinn. Það er áhyggjuefni ef hann er að ná fótfestu hér. Vil ég hvetja landeigendur til að ráðast á hann með oddi og egg hvar sem til hans næst og veit ég að það má hafa samband við Erlu í Grænna landi eða Sigurð Magnúson um ráðleggingar hvernig sé best að vinna á þessum vágesti.

Nú heldur áfram vinna við skipulagsmál á Flúðum og móta miðsvæðið á Flúðum. Búið er að funda með Vegagerðinni og nú fara skipulagshönnuðir að fara að vinna með hagsmunaaðilum á svæðinu að þróa þessa vinnu áfram. Þetta er afar spennandi verkefni sem ég vona að íbúar taki síðan virkan þátt í að móta.

Nú er búið að semja nýjar samþykktir fyrir Hrunamannahrepp sem nauðsynlegt var að gera í kjölfar nýrra sveitarstjórnarlaga. Í samhengi við þá vinnu voru síðareglur fyrir kjörna fulltrúa Hrunamannahrepps samþykktar og eru núna aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Vil í því sambandi hvetja alla til að nýta sér heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is til að afla sér upplýsinga eða láta okkur vita um eitthvað til að setja inn á heimasíðuna en eftir breytingar á henni er hún að okkar mati öflugri upplýsingarmiðill.

Eitt samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurlandi er að liðast í sundur og er miður að það þurfi að slíta Skólaskrifstofu Suðurlands því að okkar mati hefur hún verið að vinna gott starf. Það er síðan búið að ákveða að samþætta þessa nauðsynlegu sérfræðipjónustu velferðarþjónustu Árnesþings og vonandi gengur það vel. Hins vegar teljum við að sveitarfélagið Árborg beri ábyrgð á því hvernig fór og samvinna sveitarfélaga á Suðurlandi hafi beðið hnekki. Okkar sveitarfélag mun eflaust í framtíðinni nálgast önnur samstarfsverkefni með Árborg með öðrum hætti því okkur þykir orðin veruleg skekkja í því hvaða fjármunum er varið í uppbyggingu á Árborgarsvæðinu sem ætti að renna í meira mæli til gagnkvæmrar uppbyggingar á okkar svæði í Uppsveitum.

Þá hefur hreppsnefnd samþykkt að ganga frá nýjum samningi við Björgunarfélagið Eyvind og er það afar ánægjulegt að geta haldið því góða samstarfi áfram. Félagið er mjög öflugt svo eftir er tekið hjá öðrum og það nýjasta er að stöðin á Flúðum verður varastöð fyrir Almannavarnir Árnessýslu, næst á eftir Selfossi. Nú er búið að opna bændamarkað á Seli og verður spennandi að sjá hvort það verður ekki umferðaröngþveiti á staðnum út af því. Það er mjög þarft að bændamarkaður sé til staðar í Hreppnum og okkar svæði mjög til framdráttar. Nú munu sjálfboðaliðasamtökin Veraldarvinir heimsækja okkur og vera í eina viku í vinnu og er búið að skipuleggja verkefni fyrir þau. Einbeita á sér að Skrúðgarðinum á Flúðum og nærumhverfi og vonandi mun þetta skila okkur öllum sýnilegum árangri.

Nú eru einnig önnur skemmtileg samfélagsleg verkefni að fara af stað sem ég vil hvetja fólk til að taka þátt í. Ferð landgræðslufélagsins upp á Hrunamannafrétt brestur á þegar fært verður. 17. júní hátíðarhöldin eru að bresta á og ég skora á sem flesta að mæta á þau, því maður er mjög spenntur hvað nefndin mun „kokka upp“ því ég veit að formaðurinn er mjög áhugasamur um matargerð. Þá fara skipulagðar gönguferðir sumarsins að byrja og ef ég skil stemminguna fyrir þeim rétt þá gæti orðið umferðarteppa víða í sumar. Virkilega gott framtak sem þakka ber fyrir. Þéssinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður vist enginn júlíþistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hélsulind frá landsmári



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma


í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

RÚM!!

Mjög gott rúm til sölu, ný góð yfirdýna. Stærð: 1,40 x 2 m.

Verð 40.000

Upplýsingar í síma: 486 6632 og 897 6632



9.bekkur verður með magnaðan kökubasar í Samkaup strax á Flúðum, laugardaginn 15.júní, byrjar klukkan 11:00, ágóðinn rennur í ferðasjóð vegna Danmerkur ferðar.



Hlutastarf. Hross

Okkur vantar manneskju dag og dag til starfa í sumar, sem felast í eldamennsku og smávægilegu þrifum á herbergjum, laun samkomulagsatriði. Vantar einnig hross til láns í stakar ferðir í júlí eða ágúst.

Upplýsingar veita Kari í síma 8477627 og Gunnar í síma 8638270.



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Ágætu félagar í Skógræktarfélagi Hrunamannahrepps.

Útplöntun á að fara fram í
Kópsvatnsásnum þriðjudaginn
18. júní kl: 20:30. Hvetjum
alla til að mæta og aðstoða.
Hressing að verki loknu....
Mínum á árgjöldin, þ.e. fyrir
þá sem það eiga eftir, við
þökkum hinum kærlega fyrir .
Hægt er að greiða félagsgjaldið
1000 kr inn á reikning: 0325-
26-014044 kt: 620699-2099

7.bekkur Flúðaskóla aðstoðaði við útplöntun í
Kópsvatnsásnum.



Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í Syðra-Langholti
frá og með 1.júní.

Er með tamningarpróf frá Hólaskóla og hef unnið við
tamningar undan farin ár.

Tek einnig að mér járningar.

Kv. Steini í Syðra-Langholti.

S: 8487767 eða steinisydra@gmail.com



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14

Brokk og skokk

H E S T A F J Ö R



Þann 23. júní 2013 verður haldin nýstárleg íþróttakeppni

Brokk og skokk (ride and tie)

á vegum Hestamannafélagsins Smára og ungmennafélaganna í Hrunamanna- Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fjölskyldubraut 2,8 km (30 mín)
Íþróttabraut 6 km (1 klst)
Einn hestur, tveir menn.

Farið er í gegnum stöðvar þar sem skipt er um knapa.

Upphaf og endir er við Skaftholtsrétt og sjá áhorfendur vel yfir keppnisbrautina.

Sjá nánari reglur á rideandtie.org

Pylsur - kókómjólk - öryggisvesti

Komið og takið þátt í skemmtilegri og nýstárlegri keppni.

23. júní

14:00 - 16:00

Kæru sveitungar



Við í Bragganum leirvinnustofu ætlum að bæta kaffihúsi við leirverkstæðið í sumar og hvetjum við alla til að kíkja í heimsókn, spjall og kaffi.



Formlegt opnunarteiti verður fimmtudaginn 20. júní og þá bjóðum við ykkur að kíkja við og samgleðjast með okkur frá kl 19-21. Við stefnum á að opna föstudaginn 14 júní, endilega fylgist með á Facebook síðu okkar www.facebook.com/bragginn til að fá frekari fréttir af opunardegi.

Opnunartími í sumar verður:

Frá sunnudegi til miðvikudags kl. 10 - 18

og fimmtudag, föstudag og laugardag kl. 10 - 21

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 21. júní 2013

Tímapantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna/Bárunnar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 21. júní n.k.



Nokkrar svipmyndir úr sveitinni.
Ljós:SigSigm

Fyrir heyskapinn



Josilac Classic

er lífrænt íblöndunarefni fyrir betri verkun í votheysstæðum. Josilac Classic hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, grænfóðri og belgjuurtum.

- Fyltir gerjunarferlinu
- Eykur lystugleika
- Bætir meltanleika
- Eykur mjólkurgæði



ZillTex 300 stæðunet

Verndar stæðuna gegn fuglum og skepnum, þólar að gengið sé á stæðuni. Fljótlegt og auðvelt að leggja.



Stæðuplast

Stæðuplast 150 mμ og undirplast 40 mμ (vacuum-plast) í ýmsum stærðum.



Rúlluplast

Hágæða rúlluplast Agrifol (ljósgrænt) og PolyStretch Zill (dökk grænt) 0,75x1500 og 0,50x1800

Rúllunet

Hágæðarúllu net 1,23x3000



Stórbaggagarn



Rúllubindigarn



Viðgerðarlímband

Grænt, hvítt og svart.



Gunnbjarn ar holti
801 Selfoss
Sími 480 5600



Stóðhestar hjá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna 2013.

Jarl frá Árbæjarhjáleigu II
2007186992 sem verður hjá félaginu á
fyrri gangmáli fór í dóm á Selfossi um
daginn og hækkaði umtalsvert.
Fékk hann 8,39 fyrir sköpulag og 8,92
fyrir hæfileika og aðaleinkunn 8,71 og er
hann því hæst dæmda afkvæmi Stála frá

Kjarri og jafnframt er þetta hæsti kynbótadómur ársins.

Enn eru örfá pláss laus, en þeim fækkar með degi hverjum, rétt er að benda á að
verð á folatolli undir Jarl telst ekki hátt hvort sem miðað er við aðra hesta með háa
dóma eða uppkjastaða ungfola hér um slóðir.

Hér eru svo meiri upplýsingar um Jarl:

F: Stáli frá Kjarri M: Elding frá Árbæjarhjáleigu

*Jarl var sýndur fyrst fjögura vetra gamall árið 2011 og fékk strax fyrstu verðlaun
og aðaleinkunn 8,16 og hækkaði síðan í 8,21 á Landsmótinu það ár.*

*Jarl var sýndur aftur í fyrri og fékk þá 8,38 í aðaleinkunn og á Landsmótinu í
fyrri fékk hann 8,34 í einkunn.*

*Hæsti dómur skiptist þannig: Sköpulag: 8,36 Hæfileikar: 8,40 Aðaleinkunn: 8,38
Kynbótamat Jarls er 121 stig*

Verð á tolli er: 100.400 krónur með virðisaukaskatti

Eftirlitsgjald og sónar kosta 7.530 krónur með virðisaukaskatti fyrir félagsmenn
Girðingargjald, eftirlitsgjald og sónar kosta 25.100 krónur með virðisaukaskatti
fyrir aðra.

Ungfolagirðing:

Að vanda tekur félagið ungfola, 1,2 og 3 vetra í eigu félagsmanna í
sumarhaga í girðinguna við flugvöllinn.

Pantið hjá Sigurði Hauk í síma 894-3059 eða skollagrof@skollagrof.is

Seinna gangmál:



Fróði frá Staðartungu 2002165311

F: Hágangur frá Narfastöðum M: Vænting frá Ási 1

Fróði vann A-flokk gæðinga á Landsmóttinu í fyrra og hefur staðið sig vel í ístölti og víðar.

Hæsti kynbótadómur Fróða er frá árinu 2008

er hann var sex vetra og skiptist hann svo.

Sköpulag: 8,20 Hæfileikar: 8,85 Aðaleinkunn: 8,59

Kynbótamat Fróða er 116 stig og hafa fjögur afkvæma hans skilað sér í kynbótadóm.

Verð á tolli er: 125.500 krónur með virðaukaskatti

Eftirlitsgjald og sónar kosta 7.530 krónur með virðaukaskatti fyrir félagsmenn

Girðingargjald, eftirlitsgjald og sónar kosta 25.100 krónur með virðaukaskatti fyrir aðra.

Pantanir berist til Sigurðar Hauks í síma 894-3059 eða í netfangið skollagrof@skollagrof.is, Sú kvöð er á leigunni á Fróða að ef hesturinn selst þá fellur leigan á honum til félagsins niður.

Félagsgjöld:

Félagsmönnum gefst kostur á að leggja félagsgjaldið beint inn á reikning félagsins og spara með því kostnað vegna greiðsluseðla. Félagsgjald ársins 2013 er krónur 2000

og leggja skal inn á reikning 325-26-41105 kennitalan er 620796-2209, merkið greiðsluna félagsgjald.

Þeir sem ekki verða búnir að greiða 15. júlí n.k. munu fá sendan greiðsluseðil og bætist þá við kostnaður vegna hans.

ATH ekki verður hægt að komast hjá greiðslukostnaðinum með því að leggja inn eftir 15. júlí.

Nýtt félagatal mun fljótlega koma inn á heimasíðu félagsins hrosshrun.weebly.com

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Sundlaugin á Flúðum.



Opnunartími frá 10. júní til 21. júní:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00.

Opnunartími frá 22. júní til 5. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga 10:00-18:00

Opnunartími frá 6.ágúst til 16. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Sumaropnun:

Frá 28. maí til 7. júlí:

Þriðjudaga og fimmtudaga frá 17:00 – 20.00.

Lokað: Frá 8. júlí til 5. ágúst.

Frá 6. ágúst til 16. ágúst er opið á
Þriðjudögum og fimmtudögum frá kl: 17:00-20:00.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Bændamarkaður opnar á Efra-Seli.

Laugardaginn, 8. júní n.k. hóf

Bændamarkaðurinn á Efra-Seli í

Hrunamannahreppi starfsemi sína. Segja má að hann komi í stað markaðarins sem staðsettur var á Flúðum um árabil og naut mikilla vinsælda.

Bændamarkaðurinn á Efra-Seli verður rekinn með svipuðu sniði og á Flúðum þar sem mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar landbúnaðarafurðir sem framleiddar eru á Suðurlandi og þá einkum í uppsveitum Árnassýslu. Á markaðinum verður að finna kjötvörur, grænmeti, fisk, kryddjurtir,

heimabakað bakkesli og fleira. Handverk frá sunnlensku handverksfólki verður einnig til sölu á markaðinum.

„Beint frá býli“ hefur notið sífellt meiri vinsælda þar sem fólk getur keypt gæðavöru beint af bónda. Bændamarkaðurinn er beinn tengiliður á milli viðskiptavina og bænda sem tryggir að matvara er ávallt fersk og af réttum gæðum. Það að matvaran er framleidd í smáum stíl en ekki fjöldaframleidd tryggir það. Grænmetisbændur í nágrenninu munu sjá til þess að ávallt sé til ferskt grænmeti og mun úrvalið aukast þegar líður á sumarið.

Opið er mánudaga - föstudaga frá 13.00 til 18.00. Laugardaga og sunnudaga er opið 11.00 til 18.00 í sumar.

Bændamarkaðurinn er staðsettur við hliðina á golfskálanum á Selsvelli.

Verið velkomin. Símanúmer markaðarins eru 820-7590 / 486-6454.





Leikskólafréttir

Margt skrítið og skemmtilegt er búið að bralla í leikskólanum í vetur. Við höfum farið í ýmsar vettvangsferðir, heimsóknir, fengið heimsóknir og unnið á skapandi hátt úr þeim efnivið sem við höfum aflað í ferðum okkar ásamt þeim gullum sem rekið hafa á fjörur okkar. Viljum við nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem hafa komið færandi hendi með gull í poka og gefið leikskólanum.

Í maí og júní brjótum við upp vetrarstarfið og erum með garðyrkjuviku, fjallgönguviku, skógarviku og vatnsviku. Í garðyrkjuviku settum við niður kartöflur, heimsóttum garðyrkjustöðvar og elstu börnin tóku þátt í skógardögum með Flúðaskóla. Við stefnum á göngu yfir Miðfell í fjallgönguvikunni til Öddu Siggú í Miðfelli. Þar verða grillaðar pylsur og gert ýmislegt skemmtilegt. Yngstu börnunum verður svo ekið til baka í leikskólann en þau eldri ganga meðfram fjallinu vestan megin til baka í leikskólann. Í skógarvikunni leikum við okkur svo í Kvenfélagsskóginum og í vatnsvikunni skoðum við læki og ár, leikum okkur og gerum tilraunir með vatn. Til að fylgjast með okkur bendum við á heimsíðuna okkar <http://www.undraland.is/> og facebook síðuna „Leikskólinn Undraland“. Njótið sumarsins, kveðja starfsfólk Undralands.

Sumarfrí

Sumarfrí verður frá 1.júlí til og með 11. ágúst.

Starfsdagur er 12. ágúst og hefst leikskólinn aftur 13. ágúst.

Starfsmaður óskast.

Leikskólinn Undraland óskar eftir leikskólakennara til starfa. Um er að ræða tímabundna 50% stöðu frá 12. ágúst 2013 til 1. janúar 2014. Vinnutími frá 12.00-16.00.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum sem er tilbúinn að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barnanna.

Ef ekki fæst fagmaður til starfa mun leiðbeinandi verða ráðinn í stöðuna.

Umsóknir berist í leikskólann fyrir 1. júlí. Upplýsingar gefur Halla í síma 4806620 / 8653575 eða í gegnum netfangið halla@undraland.is

Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi 17. júní 2013



Dagskráin hefst með skruðgöngu sem leggur af stað frá íþróttahúsinu kl.13.30. Að henni lokinni, um kl.14.00, hefjast hefðbundin hátíðahöld í íþróttahúsinu. Séra Halldór Reynisson prestur flytur hugvekju og Erla Björg Amardóttir flytur hátíðarræðu. Í ár verður íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi valinn í annað sinn. Auk þess verða umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps veitt líkt og undanfarin ár. Að lokum flytja systkinin Jón Aron Lundberg og Jóhanna Rut Arndísardóttir nokkur lög en þau báru sigur úr býtum í Uppsveitarstjórnunni fyri á þessu ári.

- Streetball mót verður á lóð skólans kl 9:30.
- Sprell verður í sundlauginni strax að hátíðardagskrá lokinni.
- Kastað verður karamellum úr flugvél yfir grasflötina fyrir framan íþróttahúsið.
- 17. júní hlaupið verður þreytt strax að lokinni dagskrá í sundlauginni.
- Boðið verður uppá ýmsa leiki og þrautir fyrir framan íþróttahúsið.
- Unglingadeildin Vindur mun bjóða upp á kassaklifur og andlitsmálningu.
- Blöðru- og nammisala verður á staðnum. *ATH! Enginn posi er á staðnum*

Vinsamlegast leggið bílum á bílastæði við Félagsheimili þar sem útidagskrá fer fram við íþróttahús og skóla. Skipulagðri dagskrá lýkur um kl. 18.00

Eftirtaldir aðilar verða með opið 17. júní

Kaffi Grund verður opið allan daginn, kaffi kökur og nýr matseðill með ýmsum réttum

Hótel Flúðir: Þar verður 17. júní tilboð: Tveggja rétta hátíðarkvöldverður. Kr. 4900.- á mann

Verslunin Samkaup-Strax: Opið frá 9:00 - 22:00

Golfskálinn Snússa, Ásatúni: Kaffihlaðborð frá 14:00 - 17:00

Kaffi- Sel: Opið frá 8:00 – 20:30

Bragginn leirvinnustofa verður í hátíðarskapi 17. júní og býður alla velkomna í heimsókn frá 10-18.

Bændamarkaðurinn á Efra-Seli: Opið frá 11:00 – 18:00, dýrindis kræsingar og kruderi innan um yndislegt grænmetið.

Þann 17. Júní verður Minilik 2. ára. Af því tilefni býður Minilik uppá epiópíska kaffið caremonial frá kl: 15:00-17:00. Kjörnið tækifæri til að kynnst epiópískri kaffimönnu. Opið til kl: 21:00

Streetball mót - Tilhögun

Kept verður í tveimur aldursflokkum:

- 11 ára og yngri (2002 og síðar)
- 12 ára og eldri (2001 og fyrr)

Fyrirkomulag:

- Keppendur hópi sig saman í 3 manna lið
- Kept er í karla og kvennaliðum

Verðlaunaafhending er strax að lokinni keppni

17. júní hlaupið - Tilhögun

Kept verður í tveimur aldursflokkum:

- 6 ára og yngri (2007 og síðar)
- 7 ára og eldri (2008 og fyrr)

Keppnin hefst að lokinni dagskrá í sundlauginni

- Fyrst keppir yngri flokkurinn og síðan sá eldri
- Keppendur mæti við rásmark sem verður við íþróttahúsið

Verðlaunaafhending er strax að lokinni keppni



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



HVAMMUR II
garðyrkjustöð

Garðyrkjustöðin Hvammur 2
(Við Flúðir)

Höfum til sölu úrval af trjám, runnum og
sumarblómum.

Matjurtir og kryddplöntur.

Gjafabréf.

Símar: 4866640, 8956014 Jóhannes,
8642154 Kristín, 8980913 Helgi

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

**Skrifstofan verður lokuð vegna sumarleyfa
frá 8. júlí til 26. júlí.**

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Heil og sæl.

Sumarstarf knattspyrnudeildar UMFH er formlega hafið.

Æfingar verða á aðalvelliðum, þrisvar í viku, hjá öllum flokkum/aldurshópum.

Æfingar verða á eftirfarandi dögum;

mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum.

Frá klukkan 13:00-14:30 munu krakkar fæddir 2007-2004 æfa*

Frá klukkan 14:30-16:00 krakkar fæddir 2003-2001 æfa.

Frá klukkan 17:00-18:30 munu strákar fæddir 2000-1997 æfa.

Frá klukkan 18:30-20:00 munu stelpur fæddar 2000 og fyrr æfa.

(*Reikna má með breytingum á æfingartímum yngstu flokkanna vegna fjölgunar iðkenda frá öðrum sveitarfélögum)

Allar frekari upplýsingar varðandi mótaskipulag, reglur um hegðun iðkenda á æfingum sem og kappleikjum, forföll þjálfara og breytingar á æfingartímum og/ eða leikjum munu birtast með fyrirvara á facebook-vefsíðu knattspyrnudeildar UMFH. (skrifðu einfaldlega Knattspyrnudeild Ungmennafélags Hrunamanna í leitarstikuna)

Einnig er hægt að hafa beint samband við undirritaða í gegnum vefpóst eða síma.

Hvet alla til að koma og kynna sér starfið í sumar.

Kær kveðja, Jón Þorgeir Aðalsteinsson (s:6986944/
veffang:jontorgeir@gmail.com)

Ungmennafélagsgarðurinn og hverasvæðið á Flúðum

Nú á að fara að gera upplýsingaskilti við Ungmennafélagsgarðinn og hverasvæðið við sundlauginu á Flúðum. Okkur vantar því sem mestar upplýsingar um þessa staði, og leitum því til ykkar og biðjum þá sem einhverja vitneskju hafa um upphaf og uppbyggingu þessara staða að hafa samband við okkur. Þá erum við að tala um upplýsingar um nýtingu hversins til þvotta og matreiðslu, myndir sem hægt væri að skanna inn og annað. Einnig um uppbyggingu fyrsta skólahússins og sundlaugarinnar þar og upphaf Ungmennafélagsgarðsins og sögu hans. Upplýsingar má senda á netfangið marta@fludir.is eða hafa samband í síma 8684024.

Ábending frá umsjónarmanni gámasvæðisins á Flúðum!

Minni notendur á að skoða vel merkingar á gámum og setja rusl í rétta gáma. Þeir sem koma með garðúrgang eru minntir á að losa úrganginn úr plastpokum.

Skógarkerfill, ágeng tegund í Hrunamannahreppi

Upprætið hann strax – annars er það um seinan

Skógarkerfill breiðist út í Hrunmannahreppi

Skógarkerfill er nú farinn að breiðast í nokkrum mæli út í hreppnum. Hann hefur m.a. fundist við Galtafell, á Flúðum, við Bryðjuholt, Kópsvatn og sunnan við Kotlaugar (1. mynd). Ef hann á ekki að festa sig í sessi til frambúðar þarf að bregðast strax við og uppræta hann hvar sem hann finnst. Verði honum leyft að koma sér fyrir verður uppræting illmöguleg og afar kostnaðarsöm. Nú þurfa Hrunamenn því að taka höndum saman til að hindra landnám kerfilsins.

Af hverju ekki skógarkerfill?

Skógarkerfillinn er hávaxin og breiðumyndandi planta. Hann er mjög fljótur til á vorin og skyggir því út flestar lágvaxnari tegundir. Þar sem skilyrði eru fyrir hendi verður hann mjög einráður í gróðri. Hann nemur einkum land í næringarríkum og rökum jarðvegi þar sem sauðfjárbætur er aflögð. Hann sækir því í tún og garða. Þótt endurtekin jarðvinnsla og sláttur haldi honum að mestu frá garðlöndum og túnnum verður hann ráðandi í túnjöðrum, vegköntum, meðfram lækjum og þar sem jarðvegur er frjór og rakur. Verði honum leyft að nema land í hreppnum mun hann vafalaust gera ræktendum lífið leitt til frambúðar.



1. mynd. Skógarkerfill í vegkanti sunnan við Kotlaugar. Myndin er tekin 2. júlí 2011. Þá voru allar blómstrandi plötnur rifnar upp en allmargar unglöntur voru að vaxa upp í nágrenninu. Nauðsynlegt er að fylgjast með slíkum stöðum og uppræta allar blómstrandi plöntur til að koma í veg fyrir frekara landnám. Ljós. SHM.

Hvernig lítur skógarkerfill út og hvernig má þekkja hann frá öðrum plöntum?

Skógarkerfill er hávaxin, hvítblóma sveipjurt sem getur orðið yfir 1,7 m á hæð. Fljótt á titið líkist hann kúmeni. Flestir ættu þó að geta greint þar á milli því kerfillinn er miklu hávaxnari og með mun grófari blöð. Skógarkerfill líkist hins vegar nokkuð spánarkerfli sem er einnig hvítblóma og nokkuð hávaxinn. Þá má hins vegar þekkja í sundur á því að lakkríslýkt (anis) er af spánarkerfli en ekki af skógarkerfli. Til greiningar er ráðlegt að merja blöð á milli fingra. Ef engi lakkríslýkt er að finna af blöðunum er um skógarkerfil að ræða.

Lífsferill skógarkerfils

Til þess að ná sem bestum árangri við upprætingu er mikilvægt að þekkja til lífsferils skógarkerfilsins en hann er vel útbúinn til að standa sig í samkeppni við aðrar plöntur.

Skógarkerfillinn fjölgar sér bæði með fræi og með rötarskotum sem kalla mætti „rótARBÖRN“ (2. mynd). Kerfillinn blómstrar yfirleitt um miðjan júní og standa blómin fremur stutt. Blómgun er háð stærð plöntunnar en kerfillinn blómstrar yfirleitt á þriðja til fjórða ári. Hann þroskar fræ í lok ágúst og í september og getur hver planta myndað allt að 10.000 fræ. Fræ kerfilsins eru venjulega fremur skammlíf og lifa flest aðeins einn vetur. Fræin þurfa að vera í kulda til þess að spíra en þau spíra snemma vors. Fyrsta sumarið myndar plantan blaðhvirfingu og öflugna stólparót. Næstu sumur stækkar plantan og blómstar þegar hún hefur náð nægilegri stærð. Jafnframt myndast tvö „rótARBÖRN“ utan á meginrótinni (2. mynd). Að lokinni blómgun og frædreifingu deyr plantan en „rótARBÖRNIN“ losna þá frá hinni deyjandi móður og taka að vaxa. Skógarkerfillinn fjölgar sér því bæði með fræi og vaxtaræxlun. Þetta er afar mikilvægur eiginleiki sem gerir það að verkum að víða er mjög erfitt að uppræta hann þar sem hann hefur komið sér fyrir.



2. mynd. Rætur skógarkerfils. Til vinstri og í miðju sjást „rótARBÖRN“ á rótum fullvaxinna plantna. Til hægri er dauð rót af gamalli móðurplöntu. Utan á henni eru „rótARBÖRN“ sem eru komin vel á legg. Ljós. SHM 26. júní 2007

Dreifing

Pótt kerfillinn hafi ekki sérhæfðan útbúnað til að dreifa sér tekst honum það með ýmsum hætti. Fræin geta dreifst með fuglum, vindi og vatni. Það er hins vegar maðurinn sem virðist stuðla mest að útbreiðslu hans. Kerfillinn berst auðveldlega með hvers konar farartækjum, svo sem snjómoksturstækjum, bílum og dráttarvélum en einnig með jarðvegi og garðaúrgangi sem mengaður er af fræi. Hér á landi hefur kerfillinn því einkum breiðst út meðfram vegum. Þegar kerfillinn er kominn í garðlönd eða tún berst hann auðveldlega þaðan með landbúnaðartækjum til annarra garðlanda og túna.

Hvernig er hægt uppræta skógarkerfil og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu hans?

Allra mikilvægast er að hindra fræmyndun. Best er að gera það þegar kerfillinn er í mestum blóma en þá er hann áberandi og auðvelt að finna hann. Hann er þá líklega einna viðkvæmastur gagnvart þeim aðgerðum sem beita þarf. Á nýjum vaxtarstöðum eða þar sem lítið er af kerfli má slíta upp blómstrandi plöntur, slá þær eða klippa. Þá má einnig nota plöntueitur, t.d. roundup, sem drepur kerfilinn nokkuð örugglega. Roundup drepur þó ekki aðeins kerfilinn heldur einnig aðrar plöntur. Sé plöntueitur notað ber að fara að með gát, einkum í grennd við ár og læk.

Ef kerfillinn hefur myndað breiður er sennilega ráðlegast að slá hann eða úða með plöntueitri. Hvor aðferðin sem valin er mun ekki gera út af kerfilinn í einu veffangi. Meira þarf til. Við sláttinn getur kerfillinn þétt sig verulega en það stafar af því að „rótarbörnin“ taka að vaxa og mynda nýjar plöntur. Í grófum dráttum má segja að fyrir hverja eina sem drepst spretta upp tvær í staðinn. Til þess að eyða skógarkerfli með slætti er því nauðsynlegt að slá a.m.k. tvisvar á sumri, sennilega mörg sumur í röð. Sama gildir um úðun með plöntueitri, því á meðan fræforði er í jarðvegi eða „rótarbörn“ til staðar má búast við að skógarkerfillinn komi upp aftur og þá gildir að sjá til þess að hann nái sér ekki á strik og myndi fræ.

Útrýming skógarkerfils er því ekkert áhlaupaverk sem gert er einu sinni. Hér þarf þrautseigju og úthald eins og við margt annað. Hinn kosturinn er að gera ekkert en það þýðir væntanlega mikla og stöðuga vinnu ræktenda við að halda kerflinum frá löndum sínum.

Rétt er að taka fram að skógarkerfill breiðist ekki út þar sem sauðfé gengur til beitar, sem bendir til þess að kindur biti kerfilinn og haldi honum niðri. Því hlýtur að koma til álita að beita sauðfé á kerfilsbreiður. Hross virðast ekki halda kerflinum í skefjum og eru dæmi um að hann breiðist út í hrossahólfum (3. mynd).


3. mynd. Skógarkerfill í gömlu hrossabeitarhólfi við Elliðaár í Reykjavík. Ljósmynd SHM 7. júlí 2011.

Frekari upplýsingar um skógarkerfill má m.a. finna hér:

<http://agengar.land.is/index.php/agengar-tegundir/skogarkerfill>

http://www.ni.is/media/grasafrædi/haplontur/Anthriscus_sylvestris.pdf

Sigurður H. Magnússon
gróðurvistfræðingur



Golfnámskeið fyrir börn og unglunga á vegum GF

Eins og undanfarin sumur býður Golfklúbburinn Flúðir upp á golfæfingar á Selsvelli fyrir yngri kynslóðina. Í sumar verða golfæfingar fyrir börn 14 ára og yngri á mánudögum og miðvikudögum kl. 10.00 - 12.00. Einnig verður æfing á miðvikudögum kl. 17.00-19.00 fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára. Sú æfing ætti að henta þeim unglungum sem eru í vinnu fyrri part dags. Þeir Árni Þór Hilmarsson og Karl Gunnlaugsson munu leiðbeina á æfingum. Karen Sævarsdóttir golfkennari mun einnig líta við í einhver skipti og miðla af sinni þekkingu og reynslu.

Kostnaður: Golfæfingarnar eru félögum GF að kostnaðarlausu og það geta allir gerst félagar í GF. Árgjaldið er 6000 krónur fyrir 14 ára og yngri og 14000 krónur fyrir 15.-18 ára. Hægt er að greiða árgjaldið í golfskálanum á Efra-Seli. Öllum er frjálst að prófa og kostar fyrsta skiptið ekkert. Þá er rétt að taka fram að til að byrja með geta allir fengið lánaðar kylfur á æfingum.

Fyrsta æfing verður miðvikudaginn 12. júní og munu æfingarnar vera í boði þar til um miðjan júlí.

Barna- og unglunganefnd GF.

Þann 5. júní síðastl. hittust 18 galvaskar þrjónakonur og þrjónuðu 100 búta í samvinnuverkefni Sambands sunnlenskra kvenna, sem verið er að vinna að til fjáröflunar fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Létt var yfir hópnum og mikill áhugi á að vinna að þessu þarfa verkefni.



Frá tónleikum söngsveitarinnr “Tvennir tímar” í Félagsheimili Hrunamanna þann 25. maí sl. Ljós m: SigSigm

